

vegna launa eða aflahlutar í forföllum vegna slysa en njóta slysatrygginga almennra launþega.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 63. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993, sbr. 32. gr. laga nr. 144/1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, öðlast gildi 1. janúar 2000.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. nóvember 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nr. 777

16. nóvember 1999

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 er hér með sett eftirfarandi regla um umferð í Vestmannaeyjum: Opnun umferðar um Bárustíg til norðurs frá Vestmannabraut að Vesturvegi.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 16. nóvember 1999.

Karl Gauti Hjaltason.

Nr. 778

17. nóvember 1999

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorphirðun í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Sorphirðugjald í þéttbýli þar sem sorphirða fer fram:

Árlegt gjald miðað við ílát er sem hér segir:

Sorphirðugjald á ílát, íbúðarhúsnæði kr. 5.000

Sorphirðugjald á ílát, sumarhús kr. 1.700

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

2. gr.

Árlegt sorphirðunargjald frá atvinnurekstri og húsnæði í dreifbýli svo og öðru húsnæði og stofnunum, sem nota gáma og/eða hafa aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum sveitarfélagsins. Fyrirtækjum er raðað í flokka samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs. Gjaldið er sem hér segir:

I.	Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
	1	4.000	4	150.000
	2	25.000	5	300.000
	3	75.000		

Gjalddagi er 1. júní ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

II.	kr.
Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	5.000
Þjónustubýli	2.500
Sumarbústaðir	1.000

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til tæknideildar sveitarfélagsins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingu svo og samþykkt fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði og öðlast þegar gildi.

Sauðárkróki, 17. nóvember 1999.

Snorri Björn Sigurðsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um jöfnun námskostnaðar.

1. gr.

Þeir nemendur, sem uppfylla eftirtalin atriði eiga rétt til námsstyrkja til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum vegna búsetu eða efnaleysis:

- Stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi, sem ekki er á háskólastigi eða gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi, sem óhjákvæmilega leiðir til vistunar utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu nemandans vegna námsins.
- Nýta ekki rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna.
- Geta ekki stundað sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað sem námsstyrkjanefnd metur jafngildan. Sambærilegt nám vísar til námsbrauta en ekki til eðlis né gæða skóla eða einstakra áfanga sem í boði eru á viðkomandi brautum.

Framhaldsskólar í þessu sambandi eru skólar sem falla undir ákvæði laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, með áorðnum breytingum.

Námsstyrkjanefnd er heimilt að styrkja annað hliðstætt nám á framhaldsskólastigi.

2. gr.

Námsstyrkjanefnd úthlutar árlega styrkjum til styrkhæfra nemenda einu sinni á ári. Veittir eru þrenns konar styrkir:

- Ferðastyrkir.
- Fæðisstyrkir.
- Húsnæðisstyrkir.

Fjárhæð styrkja fer eftir heildarfjárhæð sem veitt er til jöfnunar á námskostnaði á fjárlögum ár hvert.